

Sveitarfélagið Bláskógabyggð
Reykholti
806 Selfossi

Garðabær, 7. maí 2025
202503-0282/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Heiðarbær við Þingvallavatn; Frístundabyggð Sveitarfélagið Bláskógabyggð.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 28. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð fyrir Heiðarbæ F3, sem liggur við Þingvallavatn.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillaga fyrir svæðið var auglýst árið 2010. Náttúruverndarstofnun bendir á Umhverfisstofnun (forveri Náttúruverndarstofnunar) veitti umsögn varðandi verkefnið á sínum tíma árið 2011¹. Auk þess veitti Umhverfisstofnun umsögn vegna lýsingar verkefnisins 19. nóvember 2021² og tillögu 14. september 2022³. Auk þess veitti Umhverfisstofnun á fyrri stigum máls 30. janúar 2024.⁴

Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsgerðarinnar eru að samþætta lóðamörk og götummynd, auka skilvirkni við umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess, s.s. innviði, náttúruvernd og aðgengi. Auk þess kemur fram að frístundasvæðið er samkvæmt aðalskipulagi 53 ha og eru 42 lóðir þegar byggðar.

Stofnunin hefur því einungis nokkrar ábendingar á þessu stigi.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillagur/Heidarbaer_080212.pdf

² <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hei%c3%b0arb%c3%a6r.pdf>

³ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn_Hei%c3%b0arb%c3%a6r1.pdf

⁴ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn%20Hei%c3%b0arb%c3%a6r%20fr%c3%adstundabygg%c3%b030.1.pdf>

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að það þarf að meta áhrif framkvæmda á fuglalíf og búsvæði fugla.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Birgisdóttir

sérfræðingur